



Fréttabréf Byggingar

MARS 2023 15. ÁRG. 1. TBL.

ORLOFSBLAÐ BYGGIÐNAR

Griðastaður í Gnúpverjahreppi

Ítarleg umfjöllun um jörð félagsins að Stóra-Hofi í Þjórsárdal. Glæsilegt tjaldsvæði, samkomuhús, orlofsbústaðir, gönguleiðir, afþreying og jarðir fyrir sumarhús félagsmanna. → 5-7 og 10-15



VIÐTAL

„Ég hef brennandi áhuga“

Jón Bjarni Jónsson húsmiður er einn í framboði til formanns félagsins. Hann hefur mikinn áhuga á réttindamálum iðnaðarmanna og hlakkar til að hefja störf. → 8-9

Aðalfundur Byggingar 30. mars

→ SJÁ BAKSÍÐU

Að leiðarlokum

Þegar maður lítur til baka yfir farinn veg sem formaður Trésmiðafélags Reykjavíkur, síðan Fagfélagsins í nokkur ár og nú síðast Byggiðnar er margt að minnast. Fyrir það fyrsta var það aldrei á stefnuskrá minni að gerast formaður félagsins. Ég var á leið úr stjórn og ætlaði að einbeita mér að starfi minu sem kennari. En skjótt skipast veður í lofti. Við, fulltrúar Trésmiðafélagsins, komum til þings ASÍ árið 1996 vel undirbúnir málefnalega að vanda.

Við vorum hins vegar ekki búnir undir að skorað yrði á formann félagsins, Grétar Þorsteinsson, að gerast forseti ASÍ. Ég sem varaformaður félagsins þurfti því að hlaupa á skarðið og gerast starfandi formaður til næsta aðalfundar. Að áeggjan félaganna fór ég svo í framboð um formannstitilinn 1997, hafði betur og hef verið formaður síðan. En nú er komið að leiðarlokum.

Samstarf við gott fólk

Það góða við félagsstörf er að maður kynnist ógrynni af fólki auk þess að eiga dýrmæta samherja í stjórn og trúnaðarráði. Maður kynnist fólki úr öðrum félögum innan verkalyðshreyfingarinnar, fulltrúum í samtökum atvinnurekenda og opinberum starfsmönnum, svo eitthvað sé nefnt. Allt er þetta fólk sem vinnur að framgangi samfélagsins.

Ég tók á sínum tíma við öflugu félagi. Við vorum með marga öfluga félagsmenn í stjórn og trúnaðarráði – sem hjálpaði mér að ná tökum á starfinu. Það er óhætt að segja að starf formanns stéttarfélags sé margslungið. Ef ætti að útbúa starfslýsingu fyrir arftaka minn væri fljótlega að telja upp hvað hann ætti ekki að gera. Starfið er fjölbreytt; allt frá félagslega vafstrinu, eignaumsjón og fjölbreyttum samskiptum við félagsmenn. Maður þarf að vera sérfróður í kjaramálum, menntamálum, orlofsmálum, öryggismálum, fjármálastýringu og svo mætti lengi telja. Sem betur fer hef ég haft gott fólk í stjórn og haft frábæra starfsmenn alla mína formannstíð. Það sem gert hefur verið í félaginu á tíma mínum sem formaður er þess vegna ekki mitt.

Það er afrakstur samstarfs margra aðila sem starfa með einum eða öðrum hætti fyrir félagið.

Fleira hrundi í hruninu

Ég viðurkenni að þetta hefur ekki verið samfelldur dans á rósum. Efnahagshrunið var þungbært tímabil, ekki síst í ljósi þess að þar misstu um 40% félagsmanna vinnuna, svo til á einni nóttu. Þá skipti máli að félagið stóð styrkum fótum fjárhagslega.

Það hrundi fleira en fjármálakerfið í efnahagshruninu. Trúnaðarmenn, sem eru tengiliðir félagsins við vinnustaðina, og aðrir virkir félagsmenn misstu vinnuna jafnt á við aðra. Langan tíma tók að byggja upp trúnaðarmannakerfið á nýjan leik. Í dag teljum við okkur þó vera búin að ná vopnum okkar á ný í þeim efnunum. Við höfum verið svo lánsöm að sterkir einstaklingar hafa átt sæti í stjórn og verið í trúnaðarráði um langt árabíll. Reynsluboltarnir héldu merki félagsins á lofti í mörg ár eftir hrunið og stóðu vaktina. Kynslóðaskipti eru hins vegar óumflýjanleg. Smám saman, síðustu ár, höfum við fengið ferskt og ungt fólk í stað þeirra eldri. Ég er sérstaklega ánægður með að konur eru farnar að gefa sig að trúnaðarstörfum í félaginu. Nýir vinklar og önnur sýn á málefni hafa komið inn með þeim – og það er félaginu ákaflega mikilvægt. Áfram stelpur!

Félagið stendur vel

Uppbygging félagsins fjárhagslega hefur gengið vel. Félagið stendur traustum fótum fjárhagslega. Sjúkkrasjóður félagsins er sterkur og orlofssjóður býður upp á fjölbreytta valkosti þegar kemur að leiguhúsum. Ekki má gleyma þeim möguleika sem félagsmenn hafa á að byggja sitt eigið hús á jörð félagsins að Stóra-Hofi. Þar hefur jafnframt verið byggt upp afbragðs tjaldsvæði með góðri aðstöðu. Stóra-Hof er kynnt ítarlega í þessu blaði.

Bygging eignar okkar í Efstaleiti reyndist félaginu mikilvæg varða í efnahagslegu tilliti. Við byggðum húsið á hárréttum tíma og sú ráðstöfun hefur reynt okkur vel, fjárhagslega. Við eigum



þar dýrmæta og eftirsóttá eign sem skilað hefur okkur góðum hagnaði flest árin.

Erfiðar ákvarðanir

Forystuhlutverki í stéttarfélagi fylgja oft erfiðar ákvarðanir. Kjarasamningar geta verið snúnir og iðulega þarf maður að leggja mat á hvar draga skuli línuna; hvort það sem náðst hefur fram sé ásættanlegt eða hvort sverfa þurfi til stáls til að knýja á um meiri kjarabætur.

Félaginu hefur stundum verið legið á hálsi fyrir að hafa ekki reglulega farið í verkföll. Það getur enginn metið hvort við værum betur stödd eftir einhverjar verkfallsaðgerðir. Verkföll verkfallanna vegna eru ekki góð lexía að mínu viti. Ég tel mig hafa siglt félaginu vel í gegnum þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið á mínum tíma. Í kjarasamningsgerð þarf maður að lesa í umhverfið og meta hverju sinni hversu miklu félagsmenn okkar halda eftir,



þegar öll kurl eru komin til grafar. Við höfum stundum náð fram miklum hækkunum í samningum, hækkunum sem gufað hafa upp skömmu seinna vegna verðbólgu, aðgerða ríkisstjórnar eða Seðlabanka. Það þarf að meta fleiri hluti við samningaborðið en krónurnar sem vinnast.

Talsmaður samvinnu

Samfélagið hefur tekið örur breytingum undanfarin ár. Verkalýðshreyfingin þarf stöðugt að vera á tánum og skipuleggja baráttu sína fyrir bættum kjörum í takti við umhverfi sitt. Í því samhengi má til dæmis nefna styttingu vinnuvikunnar, sem er afsprengi vitundarvakningar um mikilvægi aukinnar samveru við fjölskyldu og vini.

Ég hef verið talsmaður þess að iðnaðarmenn þétti raðirnar og vinni í auknum mæli saman að hagsmunamálum sínum. Við styrktum stóðir byggingamanna árið 2008 þegar Trésmiðafélag Reykjavíkur og Félag byggingamanna Eyjafirði sameinuðust. Ég tel það hafa verið gæfuspor fyrir báða aðila. Ég tel líka að það hafi verið styrkur fyrir okkur þegar við fluttum okkur um set árið 2019 og tókum upp samstarf við önnur iðnaðarmannafélög á Stórhöfða 31.

Það samstarf hefur ekki enn náð því flugi sem til var ætlast, þó að ýmsu hafi verið áorkað. Eitt félagið hefur ekki gengið

„Það sem upp úr stendur eru ánægjuleg kynni við ótal samstarfs- og samferðamenn.“

í takt við hin og klauf sig nýverið út úr samstarfinu. Ég er þrátt fyrir það enn sannfærður um að við gerðum rétta hluti með þessum breytingum og er talsmaður þess að halda því samstarfi áfram. Ég ræði þessa hluti nánar í öðrum pistli hér í blaðinu.

Að lokum

Tími minn á formannsstóli hefur verið mjög gefandi. Það sem upp úr stendur eru ánægjuleg kynni við ótal samstarfs- og samferðamenn. Ég hef eignast marga góða vini, fræðst um ólíklegustu mál og það sem mest er um vert; félagið okkar er sterkt baráttutæki fyrir félagsmenn þegar kemur að kaupum, kjörum, aðbúnaði og menntamálum. Sú staðreynd er afrakstur samvinnu öflugs fólks sem valist hefur

í gegn um tíðina til forystustarfa fyrir stéttina okkar.

Þrátt fyrir að starfið hafi kallað á mikla kvöld- og helgarviðveru er ég, þegar ég lít yfir farinn veg, ánægður með að hafa tekið slaginn með félögum mínum í Trésmiðafélaginu forðum. Ég hef að vísu stundum gengið freklega á heimilislífið; verið á fundum þegar ég ætti að vera annars staðar. Börnin mín hafa mætt með mér á ótrúlegustu fundi. Ég vona að það hafi ekki skemmt dæturnar mikið þó þær hafi þurft að sitja miðstjórnarfundum ASÍ, félagsfund þegar kjarasamningur var kynntur eða stjórnarfundum Trésmiðafélagsins.

Þó ég sé að stíga niður sem formaður er ég ekki að hverfa af yfirborði jarðar. Ég verð áfram í félaginu og tel mig hafa margt til málanna að leggja. Ég hef til dæmis áhuga á að byggja frekar upp aðstöðu okkar að Stóra-Hofi. Þar eru enn mikil tækifæri til að auka aðsókn og byggja í haginn fyrir félagsmenn.

Að endingu vil ég þakka félagsmönnum öllum viðkyrninguna í gegnum árin. Ég vil þakka stjórnar- og trúnaðarráðsmönnum fyrir frábæra samvinnu. Loks vil ég færa starfsmönnum félagsins minar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. ●

Finnbjörn A. Hermannsson
formaður Byggiðnar



PISTILL

Framtíð samstarfs iðnaðarmanna

Samiðn – Samband iðnfélaga varð til við samruna Málm- og skipasmiðasambands Íslands og Sambands byggingamanna. Félagið hefur á liftíma sínum í tvígang lagt mikla vinnu í að móta framtíðarstefnu sína. Í bæði skipti varð útkoman sú sama; að samstarf allra iðnaðarmanna væri framtíðin.

Staðfest var að markmið sambandsins væri að vinna að framgangi okkar félagsmanna þegar kemur að kjaramálum, atvinnumálum, menntamálum og öryggis- og aðbúnaðarmálum. Mikilvægt væri að vera málsvari gagnvart stjórnvöldum og embættismannakerfinu og viðhalda sýnileika iðnaðarmannastarfa í samfélaginu.

Stefna Trésmiðafélags Reykjavíkur og síðan Byggiðnar hefur verið hin sama. Slíkur samhljómur er á milli þeirra mála sem varða félagsmanninn að ekki skiptir öllu máli hvort iðnaðarmaðurinn er bygginga-, rafíðnaðar-, málmíðnaðar- eða matreiðslumaður. Í öllum þessum málaflokkum værum við sterkari saman.

Í anda þessa sameinuðu Trésmiðafélagið og Félag byggingamanna Eyjafirði krafta sína 2008. Í tvígang hefur Trésmiðafélagið óskað eftir viðræðum við Félag iðn- og tæknigreina (FIT) um sameiningu. Þar lögðum við áherslu á að fara í upphaflega skipulagið eins og fyrirhugað var að gera þegar sameiningarhugmyndir voru fyrst settar í atkvæðagreiðslu, þ.e. að félagið væri deildaskipt þannig að sér stjórnir héldu utan um iðngreinaflokka sína og hefðu svo sína aðalstjórn. Í bæði skiptin hafnaði FIT viðræðum um sameiningu.

Samstarfið hófst 2019

Árið 2019 ákvað stjórn Byggiðnar að hefja samstarf við önnur iðnaðarmannafélög og -samband sem voru staðsett á Stórhöfða 31, undir merkjum Húss fagfélaganna. Samiðn og FIT tóku sömu ákvörðun og fluttu á Stórhöfða. Samkomulagið byggðist á því að eiga samstarf um rekstur

félaganna og þjónustu við félagsmenn, svo hægt væri að efla þjónustu allra félaganna. Horft var í samlegðaráhrif samstarfsins og möguleika á að draga úr tvíverknaði. Þannig gæfist félögunum í samstarfinu svigrúm til að vinna að fleiri mikilvægum verkefnum.

Sjálfstæði hvers félags hefur frá upphafi verið grunnforsenda samstarfsins. Aldrei hefur komið til tals að sameina félögin eða sjóði þeirra. Hvert og eitt félag greiðir fyrir sinn skerf þjónustunnar á grundvelli skiptireglu sem aðildarfélög samstarfsins samþykktu.

Erfitt samstarf við FIT

Samstarfið hefur gengið vel hvað varðar Byggiðn, MATVÍS, Félag vélstjórnar- og málmteknimanna (VM) og Rafíðnaðarsambandið (RSÍ). Það sama hefur því miður ekki átt við um FIT. Af óljósum ástæðum hafa stjórnendur þess félags talið sig ýmist greiða of mikið og/eða ekki fá næga þjónustu. Linnulúsar tilraunir til að ná samkomulagi við félagið hafa ekki borið árangur. Þá sjaldan að samkomulag hefur náðst um tiltekin atriði hafa nýjar kröfur vaknað. Í þessa vinnu hefur farið mikil orka undanfarin misseri og tafið frekari þróun samstarfsins.

Samhliða þessum ágreiningi hefur skapast óvissa um aðkomu Samiðnar en formaður FIT gegnir hlutverki stjórnarformanns í Samiðn. Óljóst er hvernig aðild Samiðnar verður að samstarfi Húss fagfélaganna ef einhver verður.

Á síðasta þingi Samiðnar var sett á laggirnar nefnd sem fjalla átti um framtíð sambandsins. Á þinginu birtist ósætti margra aðildarfélaga um samstarfið. Ósættið byggir á sömu rótum og fjallað er um hér að ofan.

Því skal haldið til haga að riflega helmingur félagsmanna Samiðnar er í FIT. Þrátt fyrir þá staðreynd er mikilvægt að tekið sé tillit til annarra félaga í starfi þess.

Nú er svo komið að FIT hefur sagt sig

úr samstarfi við Hús fagfélaganna. Félagið þiggur þó enn þjónustu sem snýr að starfi gjaldkera, utunumhald um félagakerfi og bókhald.

Tími ákvarðana

Sú staða sem upp er komin felur í sér að stjórn Byggiðnar þarf að taka ákvörðun. Vandséð er að hægt verði til lengdar að vera hvoru tveggja hluti af Samiðn og í Húsi fagfélaganna. Átökin sem að baki eru hafa tekið of mikla orku. Mikilvægt er að félagið geti einbeitt sér að þeim hlutum sem skipta máli, baráttu í þágu félagsmanna, án þess að sífellt þurfi að takast á við ósamlyndi og deilur sem koma félagsmönnum ekkert við. Hvorum hópnun skal fylgja?

Áður en til þeirrar ákvörðunartöku kemur þarf að skera úr um hvernig Samiðn hyggst starfa; hvort Samiðn sé regnhlífarsamtök allra aðildarfélaga – þar sem allir eru jafnir óháð stærð. Á meðan FIT krefst meirihluta í miðstjórn Samiðnar, krefst vægiskosninga á fundum til að tryggja meirihluta og á meðan ekki er gerður greinarmunur á starfi Samiðnar og FIT sér stjórn Byggiðnar engan tilgang með veru sinni í Samiðn. Að sama skapi þarf að skýrast hvernig samstarfi Samiðnar við Hús fagfélaganna verður háttáð.

Sú nefnd sem samþykkt var á þingi Samiðnar síðastliðið vor hefur engu áorðað. Fyrir vikið er lagt til að aðalfundur Byggiðnar, 30. mars 2023, samþykki tillögu um að skipa viðræðunefnd um framtíð félagsins innan Samiðnar. Ef ekki næst ásettanleg niðurstaða fyrir Byggiðn fær stjórn félagsins heimild til að fara í kosningu um úrsögn úr Samiðn, skv. 12. grein sambandsins. Miða skal við að ef þarf að grípa til þessa úrræðis gerist það um næstu áramót. ●



Finnbjörn A. Hermansson
formaður Byggiðnar



Stóra-Hof

Griðastaður okkar í Gnúpverjahreppi

Byggið á jörðina Stóra-Hof í mynni Þjórsárdals í Gnúpverjahreppi. Þar hefur félagið komið sér vel fyrir og jörðin stendur félagsmönnum opin til afnota. Tvö af orlofshúsum félagsins eru á jörðinni, sem er mjög gróin og skjólsæl fyrir vikið. Á Stóra-Hofi er líka frábært tjaldstæði fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra.

Ef fólk vill vera miðsvæðis á Suðurlandi og skoða uppsveitir Árnessýslu eða virkjanasvæðin er tilvalið að gista á Stóra-Hofi. Svæðið er uppfyllt af náttúruperlum og sögustöðum. Allar virkjanir á Suðurlandi eru innan seilingar; Gullfoss, Geysir, Flúðir og Árnesið sjálf í Þjórsá sem liggur við jörðina. Hér

er farið yfir hvað félagsmönnum stendur til boða á jörðinni og í næsta nágrenni hennar.

Glæsilegt tjaldsvæði

Óhætt er að segja að félagið eigi glæsilegt tjaldsvæði á Stóra-Hofi sem er í um fjögurra kílómetra fjarlægð frá byggðakjarnanum Árnesi, þar sem er verzlun og sundlaug. Tjaldsvæðið er hvoru tveggja skjólsælt og fallegt og hefur um árabíl verið eftirsótt af félagsmönnum og fjölskyldum þeirra. Góð aðstaða einkennir tjaldsvæðið. Nýlega var tekið í notkun nýtt og glæsilegt þjónustuhús

[Framhald á næstu síðu ►](#)

Sagan

Upphafseigandi jarðarinnar er líklega Þrándur mjöksiglandi en hann nam land skv. Landnámu milli Þjórsár og Laxár og upp til Kálfár og Sandlækjar. Á jörðinni er kirkjugarður og fram eftir öldum var kirkja á jörðinni.

Fyrstu heimildir um kirkjur á svæðinu eru frá árinu 1198 en þá segir að kirkjan á Hofi sé helguð Maríu Drottningu og Péttri Postula og til eigna hennar teljist Skammbeinstaðaland en sú jörð er enn í eigu Stóra-Hofs.

Áhugaverðir staðir í nágrenninu

Stöng í Þjórsárdal Árið 1939 var bærinn Stöng grafinn úr ösku sem lagðist yfir hann í miklu Heklugosi 1104. Byggt hefur verið yfir rústirnar. Hægt er að skoða eftirlíkingu (þjóðveldisbæinn) við Búrfellsvirkjun.



Göngubrú yfir Þjórsá og Tröllkonuhlaup Áhugavert er að keyra að fram hjá Búrfellsvirkjun og meðfram Búrfellinu. Þar má komast vestan megin að Þjórsá og virða fyrir sér nýja göngubrú yfir ána. Um 300 metrum neðar er Tröllkonuhlaup, lágur foss í Þjórsá.

Gjáin Gjáin er einn af fallettri áfangastöðum á Suðurlandi. Á leiðinni að bænum Stöng er tilkomumikil gjá sem er í árfarvegi Rauðár. Gjáfoss er í gjánni.

Hjálparfoss Hjálparfoss er foss neðarlega í Fossá í Þjórsárdal. Fossinn er tvöfaldur og eru stuðlabergsmyndanir í kringum hann. Fossinn er afar tilkomumikill og vinsæll áfangastaður.



Háifoss Ef ekið er fram hjá vindmyllum Landsvirkjunar er vegur á vinstri hönd sem merktur er Stangarvegur. Út frá honum er Háafossvegur (sami vegur og farið er að gangnamannahúsinu við Hólaskóg).

Gróðrarstöðin Storð Storð í Laugarási er tilvalinn viðkomustaður þeirra sem eru með græna fingur. Gróðrarstöðin Storð framleiðir og selur allar gerðir garðplantna, tré, runna, rósir, fjölærar plöntur, sumarblóm og matjurtir.

Skálholtskirkja Skálholt er einn merkasti sögustaður landsins, samtvinnaður sögu kristni á Íslandi. Kirkja var reist í Skálholti stuttu eftir kristnitöku og sat þar fyrsti biskup Íslands. Skálholt var höfuðstaður landsins í um 750 ár.



sem gjörbreytti aðstöðu á svæðinu fyrir gesti þess. Rafmagn er til staðar á stórum hluta tjaldsvæðisins.

Við tjaldsvæðið er gott leiksvæði fyrir börn, sparkvöllur til knattspyrnuíðkunar og nýu holu frisbíggf-völlur.

Stefnt er á að svæðið sé opið frá og með hvítasunnu að vori til loka ágústmánaðar. Það er auðvitað háð aðstæðum hverju sinni því mikilvægt er að hleypa ekki bílum og vögnum á flatirnar fyrr en frost er farið úr jörðu og þær eru orðnar þurrar. Athugið að nánari upplýsingar um opnun tjaldsvæðisins eru kynntar á heimasíðu félagsins þegar nær dregur.

Svæðið er hugsað fyrir félagsmenn og aðstandendur þeirra, eftir því sem rými leyfir.

Umsjónarmaður tjaldsvæðisins, Eyþór Brynjólfsson, fer um svæðið og innheimtir aðstöðugjaldið. Við viljum beina því til gesta sem ekki þurfa rafmagn að finna sér stað þar sem rafmagnsstaurar eru ekki. Gert er ráð fyrir að aðeins einn tengist hverjum tengli á svæðinu.

Byggið hvetur félagsmenn til að nýta sér þessa góðu aðstöðu en allt í kring eru áhugaverðir áningarstaðir sem gaman er að heimsækja.

Samkomuhús til leigu

Samkomuhúsið Skemman stendur félagsmönnum til boða, gegn hóflegu gjaldi. Þar er um að ræða 200 fermetra hús sem gert hefur verið upp. Skemmuna geta félagsmenn fengið leigða undir samkomur og hafa félagsmenn og vinnustaðafélög haldið þar viðburði auk þess að leigja hluta af tjaldsvæðinu. Í Skemmunni, sem er stutt frá tjaldsvæðinu, er einnig

Verðskrá

Greitt er fyrir hverja gistieiningu; tjald, tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða húsbíl per sólarhring.

■ Svæði A (rafmagn innifalið):

Félagsmaður kr. 2.400
Utánfélagsmaður kr. 3.700

■ Svæði B (án rafmagns):

Félagsmaður kr. 1.750
Utánfélagsmaður kr. 2.700



Háifoss
MYND: DAG ENDRE OPEDAL/FLICKR

haldið messukaffi og kvöldskeggtun á Jónsmessuhátíð félagsins.

Orlofshús

Að Stóra-Hofi eru tvö af orlofshúsum félagsins, Stóra-Hof og Hátún 3. Stóra-Hof er 130 m² með fjórum svefnherbergjum. Í húsinu eru tvö baðherbergi, og gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða.

Hátún 3 er 84 m² með þremur svefnherbergjum. Í húsinu er hundahald leyflegt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Nánar má lesa um orlofshúsin í sérstakri kynningu á orlofshúsunum í þessu blaði.

Sumarhúsalóðir

Félagið leigir á Stóra-Hofi lóðir til félagsmanna undir sumarbústaði. Lóðirnar eru á bilinu 5.500 til 7.000 m². Leigutími er 70 ár og greiðir félagsmaður grunn gjald í upphafi og hefur til þess 5 ár frá því hann fær lóð útlutaða. Það gjald er nú (mars 2023) um kr. 1.055.000. Síðan er innheimt hófleg árlegt leigugjald.

Nánari upplýsingar um lóðir, reglur um stærð húsa sem byggja má og aðra skilmála geta áhugasamir nálgast á skrifstofu félagsins í Reykjavík.

Merkar gönguleiðir

Nokkrar fallegar gönguleiðir um Stóra-Hof hafa verið merktar á svæðinu. Þær má sjá á meðfylgjandi korti en á vef félagsins er hægt að skoða nánar yfirlitsmyndir og skipulag svæðisins. Gönguleiðirnar liggja til dæmis meðfram Hvítá og Kálfá, sem rennur út í Hvítá.

Gönguleiðirnar eru tilvaldar fyrir gesti tjaldsvæðisins, sumarhúsaeigendur, leigutaka orlofshúsa eða aðra gesti félagsins á Stóra-Hofi. ●



Afþreying í nágrenninu

Eins og áður segir eru fjölmargar náttúruperlur í Þjórsárdal og nágrenni hans. Þeir sem gista á svæðinu eru auk þess í miklu návígi við fjölbreytta afþreyingu. Hér eru nokkrir valkostir fyrir kylfinga, veiðimenn og unnendur baðstaða.

■ Golf

Í það minnsta 12 golfvöllir eru í innan við klukkustundar akstursfjarlægð frá Stóra-Hofi. Nærtækast er að spila golf á Flúðum en þar eru tveir vellir. Annar þeirra, **Selsvöllur**, er rekinn af Kaffi-Seli, þar sem hægt er að fá pítsur og aðrar veitingar. Völlurinn er þægilegur göngu.

Ásatúnsvöllur á Flúðum er skemmtilegur en krefjandi 18 holu völlur. Mikill hæðarmunur er á völlum – hann er því heppilegri fyrir þá sem eru vel á sig komnir.

Þriðji völlurinn sem hér er nefndur er níu holu völlur skammt frá **Búrfellsvirkjun**. Hann er í eigu Landsvirkjunar. Hægt er að spila völlum án endurgjalds. Brautir vallarins eru þröngar og flatir litlar. Um 20 mínútna akstur er upp að virkjun.

■ Veiði

Veiðimöguleikar í nágrenninu eru óþrjótandi. Fjölmargar laxveiðiár renna til sjávar á Suðurlandi. Þjórsá er ein þeirra. Hægt er að gera ævintýrlega laxveiði í **Þjórsá við Urriðafoss**, á hóflegu verði miðað við aðra laxveiði, svo dæmi sé tekið.

Fjölskylduvæn veiði er í boði í **Gíslholtsvatni** í Holtum. Vatnið er hluti af

Veiðikortinu sem Byggið selur á skrifstofu sinni á 5.000 krónur. **Gíslholtsvatn** er í um hálf tíma akstursfjarlægð frá Stóra-Hofi. Í vatninu er bleikja og stundum rígvænn urriði. Veiðikortið veitir einnig leyfi í Þjóðgarðinn á Þingvöllum, **Úlfljótsvatn** og **Frostastaðavatn**, svo dæmi úr nágrenninu sé tekin.

Þeir sem vilja rennandi vatn geta keypt veiðileyfi í **Hólaá**. Áin rennur milli Laugarvatns og Apavatns en í ánni getur verið ævintýrlega bleikjuveiði á sumrin. Öviða er betri veiði fyrir minni pening.

■ Sundlaugar


Fjölmargar sundlaugar eru á Suðurlandi. Næsta laug við Stóra-Hof er **Neslaug** í

Árnesi, í aðeins fjögurra kílómetra fjarlægð. Laugin er 12,5 metrar á lengd og breidd auk þess sem þar er heitur pottur. Íþróttavöllur, sparkvöllur, leiktæki og verslun er í Árnesi.

Skeiðalaug í Brautarholti er í níu mínútna akstursfjarlægð frá Stóra-Hofi. Þar er 16,5 metra laug og heitur pottur og gufa.

Á **Flúðum**, í um korters akstursfjarlægð, er góð sundlaug og heitur pottur. Þar er frábært náttúrulegt gufubað. Á Flúðum er líka **Gamla laugin – Secret lagoon**, sem er vinsæll áningarstaður ferðamanna.

Önnur heit laug í biltúrsfjarlægð er **Kúalaug**, sem er ein af þremur laugum skammt frá Haukadalskirkju, nálægt Geysi. Um er að ræða náttúrulega án þjónustu – og hvetjum við fólk til að fara að öllu með gát.



Hefur brennandi áhuga á réttindum iðnaðarmanna

„Helsti kosturinn við þetta er að nú losnar konan mín við röflið í mér við eldhúsbörðið. Ég hef brennandi áhuga á réttindamálum iðnaðarmanna og hlakka til að hefjast handa við að vinna að þeim,“ segir **Jón Bjarni Jónsson**, húsasmiður og verðandi formaður stjórnar Byggiðnar.

Jón Bjarni er einn í kjöri til formanns stjórnar sem kjörinn verður á aðalfundi félagsins, sem fram fer þann 30. mars næstkomandi. Finnbjörn A. Hermannsson, sem hefur verið í forsvari fyrir byggingamenn í 26 ár, lætur af störfum eftir aðalfundinn, eftir farsælan feril. Jón Bjarni er fæddur árið 1961 og er því sjö árum yngri en Finnbjörn.

Jón Bjarni er Akurnesingur en er búsettur í Hafnarfirði. Hann er kvæntur Þórunnbjörgu Sigurðardóttir en þau eiga fimm dætur; tvær saman en þrjár úr fyrir hjónaböndum. Honum líst vel á að taka við af sitjandi formanni. „Finnbjörn er óumdeildur og hefur notið trausts og virðingar bæði innan félagsins og utan þess. Hann hefur reynt húsasmiðum afar vel.“

Eins og fyrr segir er Jón Bjarni húsasmiður að mennt. Óhætt er að segja að hann hafi víða komið við. Hann byrjaði í byggingavinnu árið 1976, þá á fimmtánda aldursári. Hann flutti suður árið 1980 en hans fyrsta verkefni var að byggja Broadway í Breiðholti, þar sem Sambíóin standa nú. „Þar var Óli Laufdal að byggja skemmtistað í kjallaranum,“ rifjar hann upp.

Söðlaði um um aldamótin

Byggingavinna var starfsvettvangur Jóns Bjarna allt til aldamóta, eða í 24 ár. Um fertugt fór hann að hugsa sinn gang. „Það rann upp fyrir mér að ég sé mig ekki fyrir mér í byggingavinnu á sextugsaldri,“ segir hann. Hann kunnir ekki á tölvur og ákvað að ráða sig í vinnu þar sem hann þyrfti að læra á þær. „Ég

„Ég er þannig gerður að kyrrstaða ergir mig.“

er svolítið þannig að ég vil vera í fimm ár hverjum stað, svo mér gefist tími til að læra en staðna ekki.“ Hann réði sig sem sölumaður hjá Byko – þrátt fyrir að vera ekki mikill sölumaður í eðli sínu. „Ég sagði þeim hins vegar að ég þekkti allt efnið sem þeir seldu,“ segir hann glaðbeittur um starfsviðtalið. Hann var síðar færður á tæknisölusvið og varð svo verslunarstjóri áður en næsti kafla í lífi hans hófst.

Eftir nokkur ár hjá Byko réði Jón Bjarni sig sem verkstjóri og síðar sem framkvæmdastjóri hjá byggingafélaginu Spöng ehf. „Það er fyrirtæki sem var eingöngu í útboðsverkum. Þar kynntist ég, frá sjónarhóli atvinnurekenda, slagnum sem maður þarf að standa í við ríki og borg. Það var líka þar sem ég kynntist fyrst starfsmannaleigum. Við fengum stundum á morgnanna fullar rútur af starfsmönnum. Sumir mennirnir sem komu voru færir iðnaðarmenn en aðrir vissu ekkert hvað þeir voru að gera,“ rifjar hann upp.

Stofnaði eigin félag

Það var þessi lærdómur sem varð til þess að Jón Bjarni stofna sitt eigið félag, Betri bygging ehf. Hann hafði áhuga á að skoða hvernig hús, sem oft voru að stórum hluta byggð af þekkingarlausum verkamönnum, reyndust að byggingu lokinni. „Ég er búinn að vera í því frá árinu 2014. Ég skoða galla í byggingum, tek út raka-skemmdir og myglu. Þetta hefur svo þróast út í það að hef verið að vinna töluvert fyrir húsfélög, gert ástands-skoðanir, sinnt eftirliti og unnið útboðsgögn. Ég hef líka skoðað eignir fyrir fólk sem er að kaupa og leitt ágreining á milli aðila þegar kemur að verksamningum til lykta,“ útskýrir hann. Jón Bjarni hefur jafnframt verið byggingastjóri, til dæmis uppi á Helliheiði, þar er VAXA að reisa byggingar fyrir framleiðslu þörunga sem notaðir eru í matvælavinnslu. „Framleiðsla VAXA er einstök í heiminum og algjör bylting frá því sem áður hefur þekkt,“ segir hann.

Samhliða þessum verkum hefur Jón Bjarni verið í átta ár hjá Meistarafélagi húsasmiða, þar sem hann yfirfer mælingar hjá þeim sem starfa í mælingu. „Ég gæti þess þá að menn fái borgað fyrir þau verk sem þeir inna af hendi og einnig að þeirri vinnu sé skilað sem greitt er fyrir,“ útskýrir hann. Hann segir að því miður hafi þeim fækkað sem vinni í mælingu.

En hvernig kom það til að Jón Bjarni fór að taka þátt í starfi Byggiðnar?

Hann segist hafa farið að velta fyrir sér réttindamálum iðnaðarmanna eftir hrun og að í kjölfarið hafi hann farið að mæta á fundi. „Ég var fljótlega tekinn inn í trúnaðarráðið, þar sem ég talaði fyrir ákveðnum sjónarmiðum,“ segir hann. Augljóst er að Jóni Bjarna er annt um réttindamál iðngreina. „Staðan er einfaldlega þannig að við erum með lögverndaðar iðngreinar. Þrátt fyrir það getur hver sem er unnið þessi störf án viðurlaga. Ég vil líka nefna að við erum í eilífri baráttu fyrir betri kjörum þar sem baráttan snýst ekki bara um laun og aðbúnað. Við erum meðal annars í baráttu við vexti, skatta og arðgreiðslur en allir þessir liðir skerða okkar tekjur. Hluti af okkar baráttu þarf að snúast um að það verði meira eftir í launumslaginu, af þeim kostnaði sem það kostar launagreiðanda að hafa starfsmann í vinnu.“

Fyrir rúmu ári síðan ákvað Jón

Bjarni að gefa kost á sér til stjórnar og svo fór að hann var settur á lista uppstillingarnefndar. „Ég hafði enga reynslu af verkalýðsmálum og vildi sjá hvernig þessi vinna færi fram. Ég er þannig gerður að kyrrstaða ergir mig stundum og ég hélt lengi vel að það snerist um að kynna þessi réttindamál fyrir stjórnvöldum. Ég veit hins vegar núna að margt af þessu snýst um að menn vilja ekki gera breytingar. Því þarf að berjast gegn,“ segir hann og heldur áfram: „Af hverju má hver sem er fara í byggingavinnu? Hvers vegna er öll þessi umræða um að afnema löggildingu iðngreina og jafnvel afnema sveinspróf? Og hvers vegna í ósköpunum var tekin ákvörðun um að leggja niður rannsóknarstofu byggingariðnaðarins? Það var galin ráðstöfun,“ segir hann. Af nógu er að taka.

Jón Bjarni, sem nýtir frítíma sinn helst til ferðalaga, býr eins og áður segir að mikilli reynslu úr byggingagreinum, frá ýmsum hliðum. Hann viðurkennir að það sé spennandi verkefni að taka við rekstri félagsins og segist ekki hafa orðið var við neikvæðar raddir í sinn garð. Hann gerir sér þó grein fyrir að verkefnið sé krefjandi. Hann hafi aftur á móti búið sig nokkuð vel undir starfið og hafi unnið í því að losa sig við önnur verkefni. „Ég hlakka bara til að byrja,“ segir hann að lokum. ●

Húsasmiðurinn Jón Bjarni er Akurnesingur og starfaði í aldarfjórðung í byggingavinnu.
MYND: DAVID ÞÓR GUÐLAUGSSON



Orlof sumarið 2023

Félagsmenn geta sótt um sumarúthlutun orlofshúsa 2023 á tímabilinu frá 15. til 29. mars. Hægt er að sækja um til miðnættis miðvikudaginn 29. mars. Daginn eftir, þann 30. mars, fá allir sem sækja um svar við umsókn sinni. Þeir sem fá synjun hafa þá kost á því að sækja um lausar vikur til 16. apríl.

Þann 17. apríl rennur greiðslufrestur vegna sumarúthlutunar út en daginn eftir verður opnað fyrir umsóknir um þær vikur sem ekki var úthlutað. Þá gildir fyrirkomulagið fyrstur kemur – fyrstur fær.

Framboð orlofshúsa verður með svipuðu sniði og verið hefur. Á næstu síðum verða þeir orlofskostir sem í boði eru kynntir.

Félagsmenn eru hvattir til að skila umsóknum sínum um orlofshús tímanlega og hafa fyrr en síðar samband við skrifstofu Byggiðnar ef eitthvað er óskýrt í þeim efnum – eða ef þeir þurfa aðstoð við umsóknina. Sótt er um orlofshús á orlofsvefnum, orlof.is/byggidn. Hlekk á vefinn má einnig finna á áberandi stað á heimasíðu félagsins.

Punktakerfi er sem fyrr notað við

úthlutun en félagsmaður ávinnur sér einn punkt fyrir hvern mánuð sem hann greiðir félagsgjald. Þegar tveir eða fleiri sækja um orlofshús fær sá sem hefur fleiri punkta húsið.

Þann 1. júní verður opnað fyrir bókanir vetrarleigu orlofshúsa, frá 1. september fram að áramótum.

Vikuleiga í orlofshúsin þetta árið kostar á bilinu 26.500 – 35.000 krónur og hækkar lítillega á milli ára. Stærð húsanna og staðsetning stýrir verðinu, sem er þó afar hófstíllt.

Athygli er vakin á því að Byggiðn hefur látið útbúa húsbækur í vinsælustu orlofshús félagsins. Þar er meðal annars að finna upplýsingar um sögu staðarins, afþreyingu á svæðinu, svo sem golfvelli, sundlaugar og veiði, auk ýmissa annarra hagnýtra upplýsinga. Það er von félagsins að gestir orlofshúsanna muni hafa bæði gagn og gaman af bókunum.

Veiði- og útilegukort

Veidikortið er selt til félagsmanna á 5.000 krónur en fullt verð er 8.900 krónur. Á heimasíðu kortsins, veidikortid.is, má



finna allar upplýsingar um hvar hægt er að nota kortið. Þar kemur meðal annars fram að kortið veitir aðgang að 36 vatnsvæðum vítt og breitt um landið. Kortið gildir fyrir einn fullorðinn. Börn yngri en 14 ára veiða frítt í fylgd korthafa.

Útilegukortið kostar til félagsmanna 18.500 krónur. Á heimasíðu kortsins, utilegukortid.is, er að finna allar upplýsingar um þau tjaldsvæði þar sem hægt er að nota kortið, en þau eru um 40 talsins og eru í öllum landshlutum. Kortið veitir tveimur fullorðnum og fjórum

[Framhald á næstu síðu ►](#)

börnum undir 16 ára fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins í allt að 28 gistinætur á hverju starfsári þess. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistináttanna 28 en einungis má gista í fjórar nætur samfelld í hvert skipti. Útilegukortið gildir fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla. Athugið að gistináttaskattur, 333 krónur á gistieiningu fyrir hverja nótt, er ekki innifalinn í Útilegukortinu. Kortin er hægt að nálgast í miðasölu á orlofshúsasíðu byggidnar, byggidn.is.

Ferðaávisun

Ferðaávisun hefur undanfarin ár fest sig í sessi þegar að orlofi félagsmanna kemur. Á hverju ári bætast við spennandi nýjungar í ferðaávisun en með henni fá félagsmenn kjör á gistingu á hótélum og gistiheimilum sem ekki fást á almennum markaði. Félagið niðurgreiðir auk þess ferðaávisunina um 20% (að hámarki 15.000 krónur), svo um afar hagstæðan valkost er að ræða.

Auk gistingar veitir ferðaávisun aðgang að skipulögðum gönguferðum og annarri afþreyingu á tilboðskjörum. Ferðaávisunin er keypt á orlofs-

vefnum, hvar finna má mun ítarlegri upplýsingar um ávisunina.

Niðurgreiddir ferðavagnar

Byggið býður félagsmönnum niðurgreiðslu á ferðavögnum í sumar, eins og undanfarin ár. Félagismaður velur tjaldvagn, hjólhýsi eða fellihýsi hjá viðurkenndri leigu og þann tíma sem honum hentar. Að lokinni notkun framvísar hann leigusamningi og fær þá 15.000 króna endurgreiðslu. Leigusamningurinn þarf að vera á nafni félagsmanns og útgefandi reiknings skráður sem starfandi ferðavagna-leiga. ●

Orlofskostir Byggiðnar 2023

Orlofshús og -íbúðir	Vikuleiga	Svefnh.	Svefnpláss	Stærð	🏠	♿	Staðsetning
Stóra-Hof 1	35.000 kr.	4	10	130 m ²	✓	✓	Suðurland
Stóra-Hof Hátún 3	35.000 kr.	3	6	84 m ²	✓	✓	Suðurland
Skemman samkomuhús, Stóra-Hofi	35.000 kr.						Suðurland
Svignaskarð 11	35.000 kr.	3	6	60 m ²	✓	✗	Vesturland
Svignaskarð 25	35.000 kr.	3	7	78 m ²	✓	✗	Vesturland
Vatnsfjörður	26.500 kr.	2	5	40 m ²	✗	✗	Vestfirðir
Ölfusborgir 3	26.500 kr.	2	4	45 m ²	✓	✗	Suðvesturland
Ölfusborgir 4	26.500 kr.	2	4	45 m ²	✓	✗	Suðvesturland
Furulundur 10	26.500 kr.	2	5	50 m ²	✗	✗	Akureyri
Kjalarsíða (ath. 2 íbúðir)	32.000 kr.	3	4	75 m ²	✗	✗	Akureyri
Sóltún 28	33.000 kr.	3	4	82 m ²	✗	✗	Reykjavík
Einarsstaðir	26.500 kr.	2	5	45 m ²	✓	✗	Austurland
Fnjóskadalur, Skógarmelar 3	35.000 kr.	3	6	120 m ²	✓	✗	Norðausturland
Brautarholt	35.000 kr.	4	11	100 m ²	✗	✗	Norðurland





Fnjóskadalur, Skógarmelar 3

Staðsetning	Norðausturland
Stærð	120 m ²
Gistipláss fyrir 6	👤👤👤👤👤👤
Vikuleiga	35.000 kr.

Hér er um að ræða nýjasta orlofshús félagsins, sem tekið var í notkun í janúar 2021. Húsið er 120 fermetrar með þremur svefnherbergjum og svefnplássi fyrir allt að sex manns. Góð stofa, eldhús og bað er í húsinu sem er allt hið glæsilegasta. Tvö hjónarúm (1,80 cm á breidd) eru í herbergjum hússins en í barnaherberginu er neðri kaja 140 cm á breidd og efri kaja er 90 cm.

Húsið er á Skógarmelum, jörð steinsnar frá munna Vaðlaheiðarganga í Fnjóskadal. Það er því í aðeins um fimmtán mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri. Húsið er afar vel búið enda var vandað mjög til verka við byggingu þess og frágang.



Svignaskarð 11

Staðsetning	Borgarfjörður, Vesturland
Stærð	60 m ²
Gistipláss fyrir 6	👤👤👤👤👤👤
Vikuleiga	35.000 kr.

Svignaskarð 25

Staðsetning	Borgarfjörður, Vesturland
Stærð	78 m ²
Gistipláss fyrir 7	👤👤👤👤👤👤👤
Vikuleiga	35.000 kr.

Byggið á tvö hús í glæsilegri byggð orlofshúsa í Svignaskarði, nr. 11 og nr. 25. Minna húsið er 60 fermetrar en hið stærra 78. Gestir geta hjá umsjónarmanni keypt veiðileyfi í neðsta hluta Norðurár en allt í kring eru golfvellir og sundlaugar, svo dæmi séu tekin. Söluskálinn Baula er steinsnar frá Svignaskarði.

Borgarfjörður og Mýrar er svæði rómað fyrir náttúrufegurð. Fjölbreytni er mikil í náttúrunni og þar er auðvelt að upplifa fossa, fjöll, hraun og skóga,



heita hvera og jökla. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru á svæðinu og sagan drýpur þar af hverju strái. Nægir þar að nefna áhugaverða áningarstaði eins

og Glanna og Paradísarlaut, Krosslaug í Lundarreykjadal, Hraunfossa og hellinn Víðgelmi, sem er stærsti hellir á Íslandi.




Kjalarsíða (tvær íbúðir)

Staðsetning Akureyri
Stærð 75 m²
Gistipláss fyrir 4
Víkuleiga 32.000 kr.

Furulundur 10

Staðsetning Akureyri
Stærð 50 m²
Gistipláss fyrir 5
Víkuleiga 26.500 kr.

Byggið hefur þrjár íbúðir til útleigu á Akureyri. Annars vegar er íbúð í Furulundi 10 en hins vegar tvær íbúðir við Kjalarsíðu. Á Akureyri er öll þjónusta við höndina auðvitað og stutt í miklar náttúruperlur á borð við Mývatn, Dettifoss og Jarðböðin, svo dæmi séu tekin.



Einarsstaðir

Staðsetning Hérað, Austurland
Stærð 45 m²
Gistipláss fyrir 5
Víkuleiga 26.500 kr.

Ölfusborgir 3 og 4

Staðsetning Suðvesturland
Stærð 45 m²
Gistipláss fyrir 4
Víkuleiga 26.500 kr.


Byggið hefur á sínum snærum tvö hús í Ölfusborgum, nr. 3 og 4. Húsin eru 45 fermetrar með tveimur svefnherbergjum. Stutt er í alla þjónustu, enda standa Ölfusborgir við Hveragerði.

Sprækir gestir ættu að skoða sérstaklega gönguleiðirnar sem eru í næsta nágrenni við bústaðina. Dalirnir upp af Ölfusdal heita Reykjadalur og Grændalur (Grændalur). Gufudalur er nafn á býli austast í Ölfusdalnum en upp af því eru dalverpi með skemmtilegum gönguleiðum. Volgar laugar og lítrik hverasvæði gera landsvæðið að einstakri náttúruperlu sem enginn útivistarmaður ætti að láta fram hjá sér fara. Um dalina má fara styttri og lengri vegalengdir sem byrja og enda í Hveragerði. Gott aðgengi er að flatlendinu (Árhólmmum) innst inni



í Ölfusdal og nægt pláss fyrir bíla. Þar er að finna kort yfir gönguleiðir.

Athugið að hreyfihamlaðir geta haft samband við umsjónarmann staðarins og sótt um að leigja sérstakt hús sem er snúið fyrir fólk með skerta hreyfigetu. Upplýsingar og bókanir í síma 483 4260.







Vatnsfjörður

Staðsetning	Barðaströnd, Vestfirðir
Stærð	40 m ²
Gistipláss fyrir 5	👤👤👤👤👤
Vikuleiga	26.500 kr.

Félagið á lítið hús í Vatnsfirði við Flókalund. Þar eru tvö svefnherbergi og gistipláss fyrir fimm. Barðaströndin er syðst á Vestfjörðum. Þar er mjög veður-sælt, gróðursælt og skjólgott. Fjölmargin áhugaverðir staðir eru í nágrenninu og má til dæmis nefna Látrabjarg og Rauðasand. Ótal tækifæri eru fyrir þá gesti sem njóta vilja náttúruskoðunar og þarna er sagan við hvert fót-mál.



Sóltún 28

Staðsetning	Reykjavík
Stærð	82 m ²
Gistipláss fyrir 4	👤👤👤👤
Vikuleiga	33.000 kr.

Íbúðin í Sóltúni er nýuppgerð eins og rakið er hér á öðrum stað í blaðinu. Skipt var um gólfefni og húsgögn auk þess sem baðherbergi var tekið í gegn. Í öðru svefnherberginu er 160 cm breitt rúm en í hinu 120 breið neðri kaja og 90 cm efri kaja. Húsið er staðsett nálægt gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Borgartúns. Athugið að þrif eru nú innifalin í leiguverði.



Brautarholt

Staðsetning	Blönduós
Stærð	100 m ²
Gistipláss fyrir 11	👤👤👤👤👤👤👤👤👤👤👤
Vikuleiga	35.000 kr.

Húsið er 100 fermetrar með þremur svefnherbergjum. Öll eru þau með tvíbreiðum rúmum og svo kaju. Húsið er nýlega uppgert að innan. Sængur og koddar eru fyrir 12 og skylt að nota sængurlin eins og í öðrum húsum félagsins. Á Blönduósi er góð verslun, afþagðs sundlaug og stutt í alla helstu þjónustu.

Hátún, Stóra-Hofi

Staðsetning	Suðvesturland
Stærð	84 m ²
Gistipláss fyrir 6	👤👤👤👤👤👤
Vikuleiga	35.000 kr.

Stóra-Hof 1

Staðsetning	Suðvesturland
Stærð	130 m ²
Gistipláss fyrir 10	👤👤👤👤👤👤👤👤👤👤
Vikuleiga	35.000 kr.

Byggið á tvö orlofshús á jörðinni Stóra-Hofi í Gnúpverjahreppi, Hátún 3 og Stóra-Hof 1. Þar er líka gott tjaldstæði fyrir félagsmenn, fríbigolfvöllur, nýtt þjónustuhús, samkomuhús og lóðir fyrir orlofsbústaði félagsmanna. Athugið að Hátún 3 er eina orlofshús félagsins þar sem hundar og önnur gæludýr eru velkomin. Hundaeigendur þurfa þó að gæta þess að þeir valdi öðrum gestum jarðarinnar ekki ónæði og hagi þrifum og frágangi í samræmi við dýrahaldið.



Mikil þjónusta og afþreying er í nágrenninu, sem of langt mál væri að telja upp hér. Enginn ætti þó að fara á mis við að skoða Þjórsárdal, sem liggur á milli Búrfells í austri og Skriðufells í vestri.



Dalurinn er nokkuð sléttlendur og vikurborinn eftir endurtekin eldgos í Heklu. Merkisstaðir í Þjórsárdal eru til dæmis Stöng, Gjáin, Háifoss, Þjóðveldisbærinn og Vegghamrar.



Jónsmessuhátíð

Hin árlega Jónsmessuhátíð félagsins verður haldin helgina 24. – 26. júní á jörðinni Stóra-Hofi í Gnúpverjahreppi. Dag-skrá verður allan laugardaginn fyrir fjölskylduna. Í boði verður meðal annars barnasmiðja, frísbíggj, bingóganga, brekkusöngur og dansleikur.

Við leggjum áherslu á fjölskylduvæna útilegu þar sem allir geta tekið þátt.

Næg tjaldstæði og frábær snyrtiaðstaða er á Stóra-Hofi, sem er rétt áður en komið er að Árnesi í Þjórsárdal, í um 100 kílómetra fjarlægð frá Reykjavík.

Við hlökkum til að sjá ykkur sem flest. ●



Aðalfundur 2023

Aðalfundur Byggiðnar verður haldinn fimmtudaginn 30. mars næstkomandi og hefst kl. 18:00. Fundurinn verður haldinn samtímis á Stórhöfða 31, Reykjavík, á jarðhæð og Skipagötu 14, Akureyri, á annarri hæð. Að loknum fundi verður boðið upp á kvöldverð. ●

DAGSKRÁ FUNDARINS

1. Skýrsla félagsstjórnar.
2. Skýrslur fastanefnda.
3. Reikningar félagsins og skýrsla endurskoðenda.
4. Lagabreytingar og breytingar á skipulags-skrám sjóða, eftir atvikum.
5. Ákvörðun um félagsgjald og mælingagjald.
6. Kosning stjórnar, trúnaðar-mannaráðs, uppstillingar-nefndar, kjörnefndar og félagslegra skoðunarmanna reikninga félagsins.
7. Kosning fastanefnda.
8. Tillaga að viðræðum við Samiðn / úrsögn úr Samiðn
9. Önnur mál.

FRÉTTAMOLAR

Ferð eldri félagsmanna

Sumarferð eldri félaga Byggiðnar verður farin miðvikudaginn 5. júlí næstkomandi. Lagt verður af stað frá bílplani Árbæjarsafns kl. 8:30. Að þessu sinni verður ferðast um Suðurland.

Skráning í ferðina er hafin en hægt er að skrá sig til föstudagsins 1. júlí. Skráning fer fram í afgreiðslu fagfélaganna í síma 5400-100 eða með því að hafa samband við byggidn@byggidn.is.

Athugið að takmarkaður fjöldi sæta er í boði.

Athugið að makar félagsmanna eru velkomnir með í ferðina. ●



Íslandsmót iðn- og verkgreina

Tuttugu og þrjár faggreinar hafa tilkynnt þátttöku á Íslandsmóti iðn- og verkgreina, Mín framtíð, sem haldin verður í Laugardalshöll dagana 16. – 18. mars.

Þá munu 27 skólar á framhaldsskólastigi kynna fjölbreytt námsframboð, bæði verklegt og bóklegt, og svara spurningum um námsframboð og inntöku-skilyrði.

Um 7 – 8.000 grunnskólanemendur mæta á svæðið á fimmtudag og föstudag á skólatíma.

Gestir eru velkomnir á opnunartíma: Fimmtudag 16.3. og föstudag 17.3. er opið frá kl. 9 – 17. Laugardaginn 18.3. verður opið frá kl. 10 – 15.

Húsasmiði, málaraíðn, pípulagnir, veggfóðrun og dúkaloðn verða á meðal keppnisgreina. ●